

Mál nr. 141/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar dvalarhemilis (A)****Vinnuslys við fall í baðherbergi 04.06. 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 27.03. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 26.04. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var við vinnu sína á dvalarheimilinu A. M var að aðstoða heimilismann í sturtu, þegar hún rann til. Barki á sturtuhaus mun hafa gefið sig og “vatn sprautast út um allt”. M mun hafa ætlað að skrífa fyrir vatnið og runnið til og gripið í handklæðaofn til að verjast falli og fengið við það hnykk sbr. fyririliggjandi gögn. Sturtubarkar hafi verið vanbúnir og það með vitneskju A og/eða vatnsþrýstingur inn í húsnæðið hafi verið með þeim hætti að slyshætta hafi ávallt verið til staðar við böðun á dvalarheimilinu.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu. Efnislega telur M að aðstæður hafi verið ábótavant og á ábyrgð vinnuveitanda sbr. umfjöllun í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Félagið vísar m.a. til þess að starfsmönnum A hafi á slysdegi verið kunnugt um að vatn gæti lekið eða sprautast úr sturtuadstöðu vistmanna. Slyshætta hafi verið lítil sem engin, að mati félagsins sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Fram kemur í umfjöllun vátryggingafélagsins m.a. að haft hafi verið samband við söluaðila búnaðarins “sem gat ekki gefið skýringar á hvers vegna þetta gerðist. Ákveðið var að skipta út börkum eftir því sem þeir gáfu sig. Fengu starfsmenn þá upplýsingar um þetta og um vinnulag ef bakar gæfu sig, þ.e. að starfsmenn skyldu skrá í húsvaðabók á hverri deild hvar barkar væru að gefa sig og þá var þeim skipt út...”

Vinnuslys þetta var ekki rannsakað af Vinnueftirlitinu því það var ekki tilkynnt þegar það átti sér stað, tilkynning var ekki send fyrr en í 25. júní 2010.

Álit

Þegar tekið er mið af fyririliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ekki hefur verið sýnt fram á að óhappið megi rekja til vanrækslu starfsmanna vátryggingartaka eða aðstæðna sem hann ber skaðabótaábyrgð á. Ekki hefur verið sýnt fram á að slyshætta hafi verið sýnu meiri gagnvart starfsmönnum en gengur og gerist á baðherbergjum, þar sem unnið er við blöndunartæki, líkt og í því tilviki sem hér er til umræðu. Tjónsatburð máls þessa virðist einkum mega rekja til viðbragða M þegar hún brást við þeirri óvæntu bleytu sem skapaðist.

Það breytir ekki framanrituðu þó að A hafi, í þessu tilviki, brugðist þeirri skyldu sinni að tilkynna strax vinnuslys þetta til Vinnueftirlitsins.

A virðist hafa tekið þá ákvörðun, að höfðu samráði við söluaðila blöndunartækja, að skipta út börkum eftir því sem þeir gáfu sig. Athyglisvert er að staðhæft er að ekki hafi verið unnt að úrskýra hvers vegna blöndunartæki gáfu sig. Ljóst virðist af þeirri takmörkuðu umfjöllun sem fyririliggjandi er að blöndunartækjum var ábótavant. Það nægir þó ekki til stofnunar bótaskyldu í því tilviki sem hér er til umræðu.

Ósannað er að vatnsþrýstingur inn í húsnæðið hafi verið það mikill, með vitneskju A, að unnt sé að fullyrða að augljós slyshætta stafaði af.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 22. maí 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.